

**7. gr.**

Stjórn sjóðsins skipa: Sýslumaður Rangárvallasýslu, sóknarprestur Skarðs-kirkju og formaður sóknarnefndar. Þeir kjósa formann sjóðsstjórnar úr sinum hópi, og skal formaður annast reikningshald og varðveislu sjóðsins. Afrit af endurskoðuðum reikningi sjóðsins fylgi reikningi Landmannahrepps.

**8. gr.**

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

**G J A L D S K R Á****fyrir Rafveitu Ísafjarðar.****I. RAFORKA****A. Lýsing.**

- 1.1 Um kwst.mæli á 780 aura kwst.
- 1.2 Um kwst.mæli á 390 aura kwst., auk fastagjalds er nemi 23 kr./m<sup>2</sup> á ári, í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í verzlunum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir ganga og geymslu 12 kr./m<sup>2</sup>.

**B. Almenn heimilisnotkun.**

- 2.1 Um kwst.mæli 190 aura kwst., auk fasta gjalds 18 kr./mánuð af hverju íbúðarherbergi. Mælaleiga af einum mæli falli þá niður. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll íbúðarherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi, þvottahús og geymslur. Herbergi sem er minna en 7 fermetrar skal telja sem hálf, þó þannig að eigi skal greiða fastagjald af herbergjum sem eru minni en 5 fermetrar. Herbergi sem eru stærri en 25 fermetrar skal telja sem tvö.

**C. Vélanotkun.**

- 3.1 Um kwst.mæli á 390 aura kwst.
- 3.2 Um afl og orkumæla þannig reiknað:  
Aflgjald af notuðu afli kr. 2180 kw./ári. Orkugjald af allri notkun 57 aurar/kwst. Notað afl hvers almanaksárs telst vera meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestrar fari fram með sem jöfnustu millibili en þó eigi skemur en eins mánaðar. Aflnotkun mælist sem meðalálág yfir stundarfjórðung. Minnsta aflgjald skal vera kr. 7500 á ári. Eftir þessum gjaldskrárlíð má selja raforkunotkun atvinnufyrirtækja, sjúkrahúsa, heimavistarskóla og annarra slíkra staða, gegn greiðslu fastagjalds af ljósanotkun.

**D. Hitun.**

- 4.1 Til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa, heimavistarskóla og annarra slíkra staða má selja raforku til suðu og hitunar um sér mæli 190 aura/kwst., enda séu suðu- og hitateki fasttengd.
- 4.2 Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum á 60 aura/kwst. á tímanum frá kl. 22—10, 190 aura/kwst. á tímanum 10—22, enda sé straumurinn rofinn í 4 stundir á mesta álagstíma rafveitunnar, þó eigi lengur en tvær stundir í senn, og notendur kosti uppsetningu tvígjaldsmæla.
- 4.3 Hiti í kirkju um kwst.mæli á 125 aura kwst., enda sé straumur rofinn í 4 stundir á mesta annatíma rafveitunnar, þó eigi lengur en tvær stundir í senn.

**E. Önnur notkun.**

- 5.1 Til götu og hafnarljósa um kwst.mæli á 185 aura/kwst.
- 5.2 Til nota við vinnulagnir við byggingu, meðan á byggingu stendur, þannig:
- Um kwst.mæli á 390 aura/kwst.
  - Um mesta straumsrofa á 65 kr. hvert amper 1. fasa á mánuði.
- Rafveitustjóri ákveður hvort settur skuli upp kwst.mælir eða mesta-straumsrofi.
- 5.3 Til súgþurrkunar um kwst.mæli á 115 aura/kwst.
- 5.4 Alla raforkunotkun, sem ótalin er, og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlíð 1.1.
- Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstök-um samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema samþykki rafveitu-stjórnar komi til.
- 6.0 Ofangreint raforkuverð er miðað við, að raunstuðullinn sé ekki lægri en 0.8. Verði raunstuðull lægri er heimilt að miða raforkuverð við KVA, og kVAst. í stað kw. og kwst.
- Lágmarksnotkun um hverja heimtaug skal vera 1000 kr. á ári.

**II. MÆLALÆIGA.**

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og sú ákvörðun er skuldbindandi fyrir notanda, sem skal greiða leigu af mæli-tækjum sem hér segir:

1. Af einfasa kwst.mælum .....	kr. 18.00 á mánuði
2. — þrífasa kwst.mælum, 100 a. og minni .....	— 40.00 — —
3. — mestaafismælum, 100 a. og minni .....	— 100.00 — —
4. — mestaafismælum, stærri en 100 a. ....	— 125.00 — —
5. — skiptiklukkum .....	— 18.00 — —
6. — ljósnæmisrofum .....	— 75.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem hér eru nefnd skal ársleiga vera sem næst 20% af verði millitækjanna. Leiga skal innheimt um leið og gjöld fyrir raf-orku.

**III. HEIMTAUGAGJÖLD.**

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu. Fari lengd jarðstrengs-heimtaugar fram úr 15 metrum eða loftlínuheimtaugar fram úr 40 metrum, skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

Málstraumur stofnvara	Lámargjald kr.	Yfirlengd kr./m
60 A. einfasa .....	7 000.00	465.00
60 A. þrífasa .....	9 000.00	495.00
100 A. þrífasa .....	14 000.00	575.00
125 A. þrífasa .....	17 000.00	665.00
200 A. þrífasa .....	27 000.00	825.00
350 A. þrífasa .....	48 000.00	1 150.00

Fyrir heimtaug með flutningssetu 150 kVA (hér kann að þurfa spennistöð) skal greitt heimtaugargjald er nemi 290 kr. á hvert kVA. Skal þá aflið miðað við varastærðirnar 350, 400 eða 630 Amp.

Yfirlengdargjald miðast við 350 Amp. skv. töflu. Lengd jarðlínu heimtaugar 60—200 Amp. reiknast frá varkassa, styztu greiðfæra leið að lóðamörkum. Lengd stærri heimtauga reiknast frá varkassa að spennistöð. Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd sem er umfram 100 m frá varkassa. Þurfi að leggja jarðlínuheimtaug út frá loftlínu, skal lengd heimtaugar reiknuð jöfn lengd jarðstrengs frá varkassa að loftlínustólpa.

Þveri jarðlínuheimtaug akbraut, skal breidd akbrautar ekki reiknuð með. Lengd loftlínuheimtaugar 60—100 Amp. reiknast frá næsta stólpa í notandalínu við götu styztu greiðfæra leið að varkassa. Þurfi að setja stólpa fyrir heimtaug nær húsi en 40 metra svo hún nái löglegri hæð, skal greitt umfram gjald kr. 3000.00 fyrir stólpann.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda, og hún að mestu leiti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlýta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar. Sé lögð bráðabirgða heimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greitt fyrir hana sem hér segir:

60 amper einfasa .....	kr. 2 000.00
60 amper þrífasa .....	— 2 500.00

Óski húseigandi eftir að heimtaug verði breytt úr einfasa heimtaug, eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði augin, skal hann greiða fyrir breytingu samkv. kostnaði, þó aldrei minna en mismun á heimtaugargjaldi skv. gjaldskrá. Þurfi að breyta loftlínuheimtaug í jarðlínuheimtaug vegna breytinga á stofnlínu í götu, skal húseigandi greiða  $\frac{1}{6}$  hluta heimtaugargjalds samkv. gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Ísa-fjarðarkaupstaðar og Eyrarhrepps. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds húseiganda eða gera honum greiða heimtaugina samkv. kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

#### IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi verið lokað fyrir veitu vegna vanskila á gjöldum til rafveitunnar er óheimilt að opna fyrir aftur fyrr en notandi hefur greitt áfallin gjöld og kr. 200.00 í opnunargjald á skrifstofu rafveitunnar.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust. Er óheimilt að opna aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 100.00 á skrifstofu rafveitunnar.

#### V. ÝMIS ÁKVÆÐI.

Hækki innkaupsverð á raforku, er rafveitustjórn heimilt að hækka raforkureikninga um 30% af þeirri hækkun. Fyrir hver 5% sem kaupgjald hjá Rafveitu Ísa-fjarðar hækkar eða lækkar hvort heldur er sökum breytinga grunnkaups eða kaupgjaldsvísitölu frá og með 1. janúar 1969 er rafveitustjórn heimilt að hækka eða lækka gjaldskrá um 4%.

Ef fyrirsjáanlegt er að dómi rafveitustjóra, að örðugleikar verði á rekstri rafveitunnar sakir vatnsskorts, getur rafveitustjórn með samþykki ráðuneytis gert bráðabirgðaráðstafanir er hún telur hreppilegar til þess að draga úr orkunotkun á veitusvæðinu meðan á vatnsskortri stendur. Söluskattur 7.5% er innifalinn í þessari gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15. 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Ísafjarðar nr. 21 26. janúar 1968.

*Atvinnumálaráðuneytið, 20. janúar 1969.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## **G J A L D S K R Á**

**fyrir Rafveitu Akureyrar.**

### **I. RAFORKA**

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### **A. Lýsing.**

1. Um kwst.mæli á kr. 7.15 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 2.02 hverja kwst. auk fastagjalds, er nemi kr. 1 040 á ári fyrir 25 m<sup>2</sup> gólfflöt eða minna af gólffleti af rúmi því er lýsa skal og kr. 30.00 fyrir hvern ferm. umfram 25 m<sup>2</sup>. Þennan gjaldskrárlið má nota í verzlunum fyrir kæliskápa og 1-fasa mótoru upp að 3 kw., og greiði notandi aukagjald fyrir hvert kw., sem svarar til gjalds fyrir 30 fermetra gólfflatar á ári.

#### **B. Almenn heimilisnotkun.**

1. Um tvo kwst.mæla, annan til ljósa, hinn til suðu og hitunar. Á ljósamælinn reiknast ljósagjald kr. 7.15 á kwst., en á hinn mælinn kr. 1.75 á kwst.
2. Um einn kwst.mæli fyrir alla notkun á heimilinu á kr. 1.44 hverja kwst. Auk þess greiðist fastagjald kr. 0.92 á mánuði af hverjum fermetra gólfflatar íbúðar. Við útreikning á gólffleti skal telja öll herbergi og eldhús, enn fremur ganga, baðherbergi, geymslur og hliskúra.

#### **C. Vélnotkun.**

1. Um kwst.mæli á kr. 3.45 fyrir hverja kwst. Þó skal minnsta árgjald vera kr. 485.00 á hvert kw. í málraun vélanna.
2. Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kw. er að ræða og notkunartími er meira en 500 klst. á ári þannig:
  - Kr. 1140.00 hvert kw. fyrir fyrstu 50 kw.
  - Kr. 940.00 hvert kw. fyrir umfram 50 kw.
 Auk þess skal greiða kr. 0.57 á kwst. fyrir fyrstu 200 000 kwst. ársnotkun og kr. 0.49 á kwst. fyrir umfram 200 000 kwst.
3. Ef um meira en 30 kw. er að ræða og ársnotkunin er meiri en 500 kwst. á ári, á kr. 2.00 hverja kwst.
4. Rafmagn til súgþurrkunar á kr. 0.67 fyrir hverja kwst.